

Alþingi  
Erindi nr. P 139/744  
komudagur 7.12.2010



**Nefndasvið Alþingis**  
**Alþingi v/Austurvöll**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 6. desember 2010.

Bandalagi Íslenskra skáta hefur borist þingjal 207 – 190. mál, frumvarp  
**um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum,**  
**og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs**  
**embættis landlæknis og lýðheilsu.**

Bandalag Íslenskra skáta gerir ekki athugasemdir við meginefni frumvarpsins, en  
vill koma á framfæri athugasemdum og ábendingum vegna 6. greinar þess.

Bandalag Íslenskra skáta fagnar því að heimilt verði að setja á stofn fagráð með  
þátttöku félagasamtaka og hvetur hið nýja embætti til að nýta sér þá heimild. Það  
er mat Bandalags Íslenskra skáta að eðlilegt sé að skátar og önnur  
æskulýðssamtök eigi fulltrúa í slíku fagráði/fagráðum.

Bandalag Íslenskra skáta fagnar stofnun Lýðheilsusjóðs, en finnst algjörlega  
vanta reglur um fyrirkomulag úthlutunar fjár úr sjóðnum. Ótæk er að ekki sé  
skipuð sérstök sjóðsstjórn eins og almennt tíðkast með slíka sjóði á vegum hins  
opinbera. Eðlilegt er að slíka sjóðstjórn skipi aðilar óháðir embætti landlæknis og  
lýðheilsu.

Bandalag Íslenskra skáta telur mikilvægt að meginhluti þess fjár sem  
Lýðheilsusjóður hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma renni til verkefna sem  
unnin eru af félagasamtökum eða í samstarfi opinberra aðila og félagasamtaka.  
Reynslan hefur sýnt að oftar en ekki verður meira úr peningunum með þeim  
hætti en þegar opinberir aðilar sinna einir verkefnum. Þá er mjög mikilvægt að  
embætti landlæknis og lýðheilsu geti ekki nýtt sjóðinn sem einhverskonar  
viðbótarfjárveitingu til rekstrar, heldur sé um að ræða úthlutun til verkefna sem  
ekki eru hluti af „starfsskyldum“ embættisins.

fh. stjórnar Bandalags Íslenskra skáta.

Bragi Björnsson,  
skátahöfðingi.